



Borgarráð

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2022

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita lögmönnum Situs ehf. og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. umboð til að reyna að ná samkomulagi við Íslenska aðalverktaka hf. um greiðslu fjárhæðar skaðabóta með þeim hætti sem greinir í hjálögðum bréfum félaganna, dags. 18. desember 2023 (trúnaðarmál).

Greinargerð:

Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. maí 2023 í máli nr. 47/2022; Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. og Situs ehf. gegn Íslenskum aðalverktökum hf. var viðurkenndur réttur Íslenskra aðalverktaka hf. til skaðabóta úr hendi Hörpu og Situs vegna réttinda félagsins til að byggja bílastæði á matshluta 8 á lóð nr. 2 við Austurbakka. Af því tilefni er lagt til að borgarráð samþykki að fela lögmönnum Hörpu og Situs að reyna að ná samkomulagi fyrir hönd félaganna við Íslenska aðalverktaka hf. um greiðslu skaðabóta í samræmi við fyrrnefndan dóm Hæstaréttar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf frá forstjóra Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., dags. 18. desember 2023 (trúnaðarmál).

Bréf frá formanni stjórnar Situs ehf., dags. 18. desember 2023 (trúnaðarmál).